

Skólaftefna

Í setningunni: Mennt er máttur ... **ef** þú ert sáttur! sem eru einkunnarorð skólans og koma frá fyrrum nemanda má finna kjarnann í því sem kalla má skólaftefna Fellaskóla. Menntun er aðalhlutverk skólans en til þess að menntunin nái tilgangi sínum þarf nemandanum að líða vel. Sem betur fer helst þetta oftast í hendur en því er þó ekki alltaf að heilsa. Í þeim tilfellum verður áherslan að vera á að efla þroska nemandans sem er undirstaðan sem annað nám hans hvílir á. Í eftirfarandi ljóðlínunum Stephans G. Stephanssonar koma viðhorf hans til menntunar skýrt fram og viljum við gera þau að okkar.

Pitt er menntað afl og önd,
eigirðu fram að bjóða:
Hvassan skilning, haga hönd
hjartað sanna og góða.

Út frá marki manninn þann
ég menntaðastan dæmdi,
flest og best sem var og vann
það vönduðum manni sæmdi.

Menntun er að búa yfir hvössum skilningi (efla bókvit), að eiga haga hönd (efla verkvit) og síðast en ekki síst að hafa gott hjartalag (efla siðvit). Sá er menntaður sem hugsar og framkvæmir þannig að vönduðum manni sæmi. Áherslan í menntun byggir á þeim sex grunnstoðum menntunar sem eru skilgreindar í nógildandi [aðalnámskrá](#). Í Fellaskóla er leitast við að hafa jafnvægi á milli þess að halda í hefðir í skólaftefni og að stuðla að nýbreytni. Lögð er áhersla á góða samvinnu skóla og heimilis. Markmið okkar er að í Fellaskóla læri allir, jafnt nemendur sem starfsfólk.

"Það versta sem maður getur gert er að gera öðrum órétt" (Henrik Ibsen)

Í Fellaskóla kjósum við að taka á hverju úrlausnarefni eins og það kemur fyrir – þegar það kemur fyrir. Reglur og að vísa í þær leysir ekki jákvæðar umvandanir af hólmi. Þess vegna eru reglur í Fellaskóla fáar. Þegar upp kemur ágreiningur milli einhverra þeirra sem koma að skólaftefni er reynt að leysa hann með samræðum. Markmiðið er að hafa engan fyrir rangri sök og breyta erfiðri upplifun í reynslu sem hægt er að læra af.

Hjá okkur eru reglur en ekki lögmál. Það er engin regla sem gildir alltaf og eins gagnvart öllum. Nemendur og starfsfólk eru mismunandi og nemendur þurfa mismunandi aðhald. Það sem hentar einum getur verið eitur í beinum annars.

Það er ljóst að í skólamálaum verða aldrei allir sammála og oft felast lausnir mála í því að finna leiðir sem flestir geta verið sáttir við.

Skólaftefna Fellaskóla var síðast endurskoðuð á starfsmannafundi haustið 2012 og samþykkt í skólaráði á fundi þann 5. nóvember 2012.